

Góðan dag allir saman. Ívar Sindri heiti ég, og er sonur Karvels og Guffýjar í Stykkishólmi. Karvel hefur gott orðspor á sér sem mikill veiðimaður og hefur veitt meira og minna allt sem hægt að er að veiða á Íslandi. Mikið af þeim dýrategundum eru nú í útrýmingarhættu eða settur kvóti á. Móðir mín er þekkt fyrir að vera Guffý allstaðar, einfaldlega vegna þess að hún þarf að vera allstaðar og taka þátt í öllu sem gengur og gerist í bænum. Ég er fjórða og jafnframt yngsta barn þeirra hjóna, en fyrir eiga þau þrjá aðra stráka. Það voru foreldrar mínir sem settu mér lífsregluna, gerðu það sem gerir þig hamingjusaman sögðu þau við mig. Þau gerðu mér grein fyrir því að ég væri að lifa lífinu fyrir sjálfan mig en ekki fyrir þau og ekki fyrir einhvern annann.

Það eru liðin fimm ár síðan að ég útskrifaðist úr Fjölbrautarskóla Snæfellinga og núna stunda ég nám við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands ásamt því að starfa á Frístundarheimili fyrir fatlaða. Frá þeim 5 árum sem ég útskrifaðist til dagsins í dag, að þá hef ég ávallt reynt að lifa lífinu eftir minni bestu getu, hafa jákvætt viðhorf til umheimsins og hafa ánægju af því sem ég er að gera. Því fyrir mér er það mikilvægast af öllu að vera hamingjusamur. En hvað er hamingja? Hún er mismunandi eftir fólki og því er ekki til ein rétt skilgreining á því. Oft þarf maður að taka sér góðan tíma og líta í sinn eigin barm og spurja sjálfan sig, hvað gerir mig hamingjusaman? Mín hamingja felst í því að eiga gott samband við fjölskyldu mína og vini. Hamingja getur líka verið hinir einföldustu hlutir eins og að sofa örlítið lengur út þegar ég þarf á því að halda eftir erfitt lærdómskvöld eða opna mér ískaldan bjór eftir krefjandi dag í vinnunni, eða vera algjörlega búinn á því og geta ekki gengið rétt í nokkra daga eftir að vinir manns hafa dregið mann á Crossfit æfingu. Oft eru það þessir litlu hlutir sem veita manni mestu hamingjuna.

Kæru útskriftanemar það sem ég er að reyna segja ykkur er það, að notið tíma ykkar í eitthvað sem veitir ykkur ánægju. Maður á að hafa gaman af lífinu, náminu eða starfinu sem maður velur. Ef þið eruð ekki ánægð með þá braut sem þið völduð til að byrja með að þá er í lagi að skoða nýja hluti eða leiðir. Það ná ekki allir hlutunum rétt í fyrstu tilraun og það er bara í góðu lagi. Stundum kveiknar áhugi á

ótrúlegustum stöðum í lífinu, verið því opin fyrir þeim tækifærum sem birtast ykkur. Verið óhrædd við að feta ótroðnar slóðir.

Ég vona að þið hafið notið veru ykkar hér í FSN. Þessum kafla í lífi ykkar er lokið og nýir tímar taka við. Ég þekki það að eigin reynslu, að það sem þið lærðuð hér í þessum skóla mun nýtast ykkur um ókomna tíð. Ég óska ykkur til hamingju með þennann áfanga og gangi ykkur vel í því sem þið takið ykkur fyrir stafni og munið að gera það sem veitir ykkur ánægju.